

Fylgiskjal 1

Samantekt á skekkjum

Tilgangur: Að skrásetja allar óleiðréttar þekktar og líklegar skekkjur og meta hvort þær hafi veruleg áhrif á ársreikning félagsins. Einnig að ræða þessar skekkjur við stjórnendur félagsins. Skrásetja þarf leiðréttar skekkjur. Mikilvægismörk voru ákvörðuð 50 milljónir.

Eftirfarandi tafla sýnir óleiðréttar þekktar og líklegar skekkjur 31.12.2019:

ÓLEIÐRÉTTAR SKEKKJUR											
Lýsing á skekkju	Er skekkjan þekkt (P), líkleg (L) eða vörpuð (V).	Tilvisun	Eignir		Skuldir		Eigið fé		Rekstur		Sam tals
Lotun tekna	P	<1>		21.250.000					21.250.000		0
Mat á niðurfærslu krafna	L	<2>		7.625.883					7.625.883		0
Krafa á tengda aðila	P	<3>		15.500.000					15.500.000		0
Tekjuskattseign (1)	P	<4>		7.126.022					7.126.022		0
Tekjuskattseign (2)	L	<4>		28.894.790					28.894.790		0
Samtals			0	80.396.695	0	0	0	0	80.396.695	0	0

<1>: Við endurskoðun á lotun tekna kom í ljós að félagið var að okkar mati búið að færa ranglega tekjur af föstum verksamningum við tiltekna viðskiptavini og útbjó sölureikninga í lok árs án þess að sýna fram á að skilyrði undirliggjandi verksamninga væru uppfyllt. Stjórnendur voru ekki í öllum tilvikum sammála mati okkar og sögðu að aðeins lítil hluti þess sem við bentum á ætti rétt á sér.

<2>: Við mat á niðurfærslu viðskiptakrafna kom í ljós að stjórnendur tóku upp nýja aðferð við mat á tapsáhættu, en reiknuð skekkja okkar byggir á sömu aðferð og beitt hefur verið undanfarin ár. Stjórnendur telja að ný aðferð sé réttari og byggir á mati og reynslu sem komi frá einu samrunafélaganna.

<3>: Krafa á tengda aðila er lán til systurfélags sem á uppruna sinn úr samrunafélagi þar sem tilgangur systurfélagsins er fjárfestingar og tækniþróun en því félagi hefur ekki gengið vel síðustu ár. Eftir samruna hefur verið lítil starfsemi í systurfélaginu og mikil óvissa um verðmæti eigna þess. Stjórnendur ætla að hefja viðræður við áhugasaman aðila um að kaup á fyrirtækinu og ná þannig til baka lánveitingu til félagsins og meira til. Þeir telja því ekki tímabært að afskrifa lánaveitinguna að svo stöddu.

<4>: Tekjuskattseign kemur til af yfirfæranlegu tapi í rekstri félagsins og samrunafélaga. Tapið myndaðist í félaginu á árunum 2010 (kr. 35.630.111) og 2012 (kr. 93.200.944). Auk þess er uppsafnað rekstrartap í nýjasta samrunafélaginu sem myndaðist á árunum 2014-2018 (kr. 51.273.004) en þar er vafi hvort um sambærilegan rekstur sé að ræða. Stjórnendur sjá fyrir sér tap á rekstri félagsins á nýju rekstrarári en reikna með að þá nái sér á strik þegar atvinnulífið tekur aftur við sér.

Eftirfarandi tafla sýnir leiðréttar skekkjur 31.12.2019:

LEIÐRÉTTAR SKEKKJUR										
Lýsing á skekkju	Er skekkjan þekkt (Þ), líkleg (L) eða vörpuð (V).	Tilvísun	Eignir		Skuldir		Egið fé		Rekstur	Samtals
Lotun kostnaðar	Þ	<5>	4.765.000						4.765.000	0
Afstemming lánadrottna	Þ	<6>			9.233.487				9.233.487	0
Samtals	0	0	4.765.000	0	9.233.487	0	0	0	13.998.487	0

<5>: Við endurskoðun á rekstrarkostnaði kom í ljós að fyrirtækið lotaði ranglega fyrirframgreiddan leyfiskostnað og tryggingar.

<6>: Við afstemmingar og endurskoðun lánadrottna kom í ljós að örfáir lánadrottmar voru skráðir oftar en einu sinni, sem hafði gerst fyrir mistök við yfirfærslu bókhaldsgagna frá samrunafélögum og í öðrum tilvikum höfðu kreditreikningar ekki borist félaginu.

Eftirfarandi skekkjur eru í skýringum:

Stjórnendur hafa ekki viljað birta sérstaklega upplýsingar um tengda aðila og hefur þetta verið sett í staðfestingabréf stjórnenda, en hér er um að ræða óverulegar fjárhæðir.

Stjórnendur vilja ekki birta heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til núverandi og fyrrverandi stjórnenda fyrirtækisins og telja að þar sé um mjög viðkvæmar upplýsingar að ræða.